



U S T

Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

Ísafjarðarbær
Jóhann B. Helgason,
sviðsstjóri umhverfissviðs
Hafnarstræti 1
400 Ísafjörður

✉ Suðurlandsbraut 24
IS-108 Reykjavík, Iceland

✆ (+354) 591 2000
Fax (+354) 591 2010
umhverfisstofnun@ust.is
www.umhverfisstofnun.is

Reykjavík, 15. nóvember 2007
Tilvísun: UST20071000116/ksj


Tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Ísafjarðar 1989-2009, Suðurtangi.

Vísað er til erindis Jóhanns B. Helgasonar sviðsstjóra umhverfissviðs Ísafjarðarbæjar sem barst 18.10. síðastliðinn þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breyttu aðalskipulagi Ísafjarðar 1989-2009, Suðurtangi.

Aðalskiplagsbreytingin tekur til alls landssvæðis á Eyrinni neðan Skipagötu og nyrsta hluta Sindragötu.

Umhverfisstofnun telur að með tillögu að breyttu aðalskipulagi Ísafjarðar 1989-2009, Suðurtangi verði Suðurtangasvæðið fjölbreyttara og aðgengi almennings betra. Umhverfisstofnun tekur undir þá tillögu að setja einu upprunalegu fjörumyndina á Eyrinni ásamt elstu húsaþyrpingu landsins undir hverfisvernd. Landfylling suður af Sundahöfn er 0,6 hektarar samkvæmt upplýsingum frá umhverfissviði Ísafjarðarbæjar og fellur því ekki undir 2. viðauka Laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000. Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemd við tillögu að breyttu Aðalskipulagi Ísafjarðar 1989-2009, Suðurtangi.

Virðingarfyllst


Kristín S. Jónsdóttir

Sérfræðingur



Helgi Jansson

Forstöðumaður